Fullgild rafræn undirskrift
RANNVEIG EINARSDÓTTIR
2026-11-09 14:47:54 GMT
Ástæða: Undirskrift

Reykjavík, 9. nóvember 2026
MSS26100001

SVAR VIÐ FYRIRSPURN

Viðtakandi: Borgarráð
Sendandi: Rannveig Einarsdóttir, sviðsstjóri velferðarsviðs

Efni: Svar við fyrirspurn borgarráðsfulltrúa Samfylkingarinnar um niðurlagningu stöðugilda teymisstjóra í íbúðakjörnum fyrir fatlað fólk í Reykjavík

Á fundi borgarráðs þann 1. október 2026 lögðu borgarráðsfulltrúar Samfylkingarinnar fram svohljóðandi fyrirspurn:

Borgarráðsfulltrúar Samfylkingarinnar óska eftir upplýsingum um niðurlagningu stöðugilda teymisstjóra í íbúðakjörnum fyrir fatlað fólk í Reykjavík. Um er að ræða eftirfarandi íbúðakjarna: Stjörnugróf 11, Árland 10, Barðastaðir 35, Þorláksgeisli og Brekknaás 6. Hversu mörg stöðugildi voru lögð niður? Munu einhverjir af þessum starfsmönnum fá boð um önnur störf? Af hverju var þessi ákvörðun tekin? Var haft samráð við forstöðumenn íbúðakjarnanna um þessa ákvörðun? Hvers vegna hefur þessi ákvörðun ekki verið lögð fram til umræðu og afgreiðslu í borgarráði eða velferðarráði?

Fyrirspurnin var send velferðarsviði til umsagnar með bréfi skrifstofu borgarstjórnar, dags. 7. október 2026.

Svar:

Frá því fyrirspurnin var lögð fram hefur fyrirhuguð útfærsla hagræðingaraðgerða verið endurskoðuð. Á fundi 5. október 2026 var samþykkt að falla frá fyrirhugaðri niðurlagningu starfa teymisstjóra. Jafnframt var ákveðið að forstöðumenn ynnu, í samráði við fjármálasérfræðinga velferðarsviðs og deildarstjóra, að annarri útfærslu hagræðingar sem skilaði sambærilegum fjárhagslegum ávinningi.

Forstöðumenn lögðu í framhaldinu fram tillögu að annarri útfærslu lækkunar fjárhagsramma. Tillagan var tekin til umfjöllunar 3. nóvember 2026 og samþykkt. Jafnframt var ákvörðun um fækkun teymisstjóra formlega afturkölluð.

1. Hversu mörg stöðugildi voru lögð niður?

Upphafleg ákvörðun gerði ráð fyrir að eitt stöðugildi teymisstjóra í hverjum framangreindra fimm íbúðakjarna yrði lagt niður. Samhliða því að leggja niður 1 stg. teymisstjóra stóð til að fjölga stöðugildum í beinni þjónustu við íbúa um 0,5 stg. Frá þeirri útfærslu hefur nú verið fallið og ákvörðunin verið afturkölluð.

Reykjavík

2. Munu einhverjir af þessum starfsmönnum fá boð um önnur störf?

Þar sem ákvörðun um fækkun teymisstjóra hefur verið afturkölluð kemur ekki til þess að störf þeirra verði lögð niður á þeim grundvelli. Spurning um boð um önnur störf vegna þeirrar ákvörðunar á því ekki lengur við.

3. Af hverju var þessi ákvörðun tekin?

Upphafleg útfærsla hafði það að markmiði að ná fram nauðsynlegri lækkun fjárhagsramma íbúðakjarnanna. Sú leið að fækka teymisstjórum byggði meðal annars á því sjónarmiði að með henni yrði unnt að tryggja mönnun í beinni þjónustu við íbúa og þannig valda sem minnstu raski á þjónustu og stuðningi við þá.

Forstöðumenn lýstu hins vegar áhyggjum af áhrifum þessarar leiðar á daglega starfsemi, þjónustugæði og velferð íbúa. Þeir töldu unnt að ná sambærilegri fjárhagslegri hagræðingu með öðrum aðgerðum. Í kjölfarið var fallið frá upphaflegri útfærslu og forstöðumönnum falið að móta aðra leið eins og áður sagði.

Tillögur forstöðumanna, dags. 30. október 2026, fela meðal annars í sér breytingar á vaktaskipulagi, minni skörun vakta og aðrar breytingar á mönnun. Áætlað er að aðgerðirnar skili samtals 64.000.000 kr. hagræðingu.

4. Var haft samráð við forstöðumenn íbúðakjarnanna um ákvörðunina?

Forstöðumenn komu að endurskoðun ákvörðunarinnar og lögðu fram sjónarmið um áhrif hennar á rekstur, þjónustugæði og velferð íbúa. Á fundi 5. október 2026 var ákveðið, í kjölfar þeirra umræðna, að falla frá niðurlagningu teymisstjórastarfa og fela forstöðumönnum að vinna að annarri útfærslu í samráði við fjármálasérfræðinga velferðarsviðs og deildarstjóra.

Forstöðumenn unnu í framhaldinu tillögur að annarri útfærslu og óskuðu eftir heimild til að framkvæma lækkun fjárhagsrammans með þeim hætti. Sú tillaga var samþykkt 3. nóvember 2026.

5. Hvers vegna var ákvörðunin ekki lögð fram til umræðu og afgreiðslu í borgarráði eða velferðarráði?

Um var að ræða ákvörðun um innri útfærslu hagræðingar og skipulag starfseminnar innan samþykkts fjárhagsramma velferðarsviðs. Málið var því ekki talið kalla á sérstaka afgreiðslu borgarráðs eða velferðarráðs.

Upphafleg útfærsla hefur nú verið afturkölluð. Sú leið sem samþykkt hefur verið byggir á tillögum forstöðumanna og verður fylgst sérstaklega með áhrifum hennar á þjónustu og öryggi. Fundað verður með forstöðumönnum mánaðarlega, staðan tekin til formlegs mats á þriggja mánaða fresti á árinu 2027 og fyrirkomulagið endurskoðað að sex mánuðum liðnum. Við matið verður sérstaklega horft til mönnunar í beinni þjónustu, öryggis íbúa og starfsfólks, tíðni og alvarleika atvika, gæða þjónustunnar og fjárhagslegra markmiða. Komi fram verulega neikvæð áhrif á þjónustu eða öryggi verður fyrirkomulagið tekið til endurskoðunar.